

Sjálfstæðismenn vita að öflugt og gott atvinnulíf er forsenda framfara og undirstaða velferðarkerfisins. Grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins er að frumkvæði einstaklingsins fái notið sín samfara ábyrgð á eigin athöfnum.

Allar atvinnugreinar þurfa starfsumhverfi sem er skýrt og stöðugt til lengri tíma. Skattkerfið á að vera einfalt, sanngjarnt og taka mið af samkeppnisumhverfi einstakra atvinnugreina. Þær breytingar sem núverandi stjórnvöld hafa gert á skattkerfinu vinna í öfuga átt við þessi markmið. Landsfundur telur því brýnt að undið verði ofan af þeim breytingum á skattkerfinu sem gerðar hafa verið á seinustu árum. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að hið opinbera stuðli að stöðugleika í atvinnulífinu sem er forsenda allrar áætlanagerðar fyrirtækja og fjárfesta þannig að fjármagn leiti í arðbær verkefni og eðlileg samkeppni ríki á milli fyrirtækja. Vinna þarf gegn svartri atvinnustarfsemi en það er fyrst og fremst gert með lækun skatta og skýru og einföldu regluverki. Mikilvægt er að einfalda opinber eftirlitskerfi með það að markmiði að gjaldtaka hamli ekki atvinnustarfsemi.

Arðsöm uppbygging og nýting auðlinda landsins er lykilatriði í framtíðaruppbyggingu íslensks hagkerfis. Þær atvinnugreinar sem nýta náttúruauðlindir í eigu ríkisins eiga að greiða hóflegt og sanngjarnt gjald fyrir. Gæta þarf þess að beinn og óbeinn eignaréttur sé virtur í hvívetna.

Öflug rannsóknar- og þróunarvinna er forsenda hagsældar.

Stjórnvöld eiga að stuðla að umhverfi þar sem mannauður íslensku þjóðarinnar fær notið sín. Starfsumhverfi þarf að vera hagstætt og umsóknir um leyfi, reglur, upplýsingagjöf og skattskil þannig úr garði gert að það sé hvetjandi og tryggi heilbrigða samkeppni. Þjóðin er framtaksöm, hugmyndarík og vel menntuð. Tryggja þarf að svo verði áfram með öflugu menntakerfi sem vinnur í samstarfi við atvinnulífið með þarfir þess að leiðarljósi. Nauðsynlegt er að efla verk- og tæknimenntun í takt við þarfir atvinnulífsins. Vinnuverndarlöggjöf verði endurskoðuð með tilliti til að gefa unglimum tækni á að kynnast iðnaðarstörfum. Slíkt eykur áhuga og ásókn í verkmenntun.

Nýsköpun

Nauðsynlegt er að auka framleiðni hér á landi. Það er forsenda hagvaxtar að skapa umhverfi sem hvetur til nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum, opinberum rekstri og nýjum fyrirtækjum. Nýsköpun skapar atvinnu, eykur skilvirkni og hagkvæmni í rekstri. Nýsköpun er þróun, ekki aðeins á tæknisviði heldur víðar. Hugvitsmenn eru mikilvægir í samfélaginu og hugvitið þarf að virkja. Tryggja þarf að opinberir styrkir til nýsköpunar skili sem mestum árangri. Aðskilja skal styrktarsjóði hins opinbera frá stofnunum þeim tengdum og sérfræðingar fengnir til að meta, ákveða og ráðstafa styrkjum. Umsóknarferli þarf að vera einfalt og gegnsætt. Efla þarf samvinnu milli ólíkra stétta og þekkingarsviða.

Það þarf að:

- einfalda stuðningsumhverfið þannig að það styðji við verkefni alla leið út á markað
- bæta aðgengi sprotafyrirtækja að hlutafé t.d. með kauphöll

- búa til hvata fyrir fjárfesta t.d. með skattaafslætti
- örva samstarf og samlegð fyrirtækja til þess að vinna að stærri þróunarmálumeinstakra greina, meðal annars með mótun klasastefnu.

Reynslan sýnir að sameining ráðuneyta atvinnuveganna var misráðin. Vægi atvinnulífsins í stjórnarráðinu er minna en eðlilegt getur talist miðað við mikilvægi þess. Nauðsynlegt er að gera breytingar á skipan ráðuneyta með það fyrir augum að efla íslenskt atvinnulíf.

Sjávarútvegur

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að íslenskur sjávarútvegur verði ávallt í fremstu röð. Til að ná því marki og tryggja að á Íslandi sé rekinn sjálfbær og arðbær sjávarútvegur hefur um áratuga skeið verið byggt á aflamarkskerfi með framseljanlegum aflaheimildum á meðan sjávarútvegur nýtur opinberra styrkja í mörgum af okkar helstu samkeppnislöndum.

Það er skýr stefna Sjálfstæðisflokksins að styðjast áfram við aflamarkskerfið, enda byggir það á þeirri grundvallarstefnu flokksins að frelsi einstaklingsins fái notið sín samfara ábyrgð á eigin athöfnum. Bein eða óbein afskipti ríkisins af rekstri og eignarhaldi í sjávarútvegi eru óæskileg.

Í sjávarútvegi eins og í öðrum atvinnugreinum þarf að ríkja stöðugleiki til langs tíma. Þess vegna er mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem núverandi ríkisstjórn hefur skapað með óraunhæfum hugmyndum um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem meðal annars hafa leitt til hruns fjárfestinga.

Lögum um veiðigjöld þarf að breyta. Sjávarútvegurinn á eins og aðrar atvinnugreinar að greiða hóflegt og sanngjarnt gjald fyrir að nýta sameiginlegar náttúruauðlindir. Sú ofurskattlagning sem lögð er á sjávarútveginn með lögum um veiðigjöld dregur þrótt úr fyrirtækjum og kemur í veg fyrir að þau geti ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar og tekið þátt í nýsköpun og þróunarstarfi. Þannig tapar Ísland því samkeppnisforskoti sem náðst hefur í sjávarútvegi og verðmætasköpun í greininni dregst saman.

Álagning veiðigjalds á sl. ári hefur haft neikvæð áhrif sjávarútveginn, einkanlega lítil og meðalstór fyrirtæki. Grunnurinn að skattlagningunni er ekki afkomutengdur og mun því leiða til verulegrar samþjöppunar í greininni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fjölmargar byggðir landsins. Þessi þróun er þegar hafin með samþjöppun aflaheimilda á fá og stór fyrirtæki.

Tryggja verður varanlegt forræði Íslands yfir sjávarauðlindinni, jafnt innan sem utan lögsögunnar. Landsfundurinn telur verulega hættu fyrir íslenskan sjávarútveg ef Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Viðræður um slíkt auka enn á óvissuna í sjávarútvegi og draga þar með úr líkum á fjárfestingum og framþróun.

Áréttað er mikilvægi þess að efla hafrannsóknir sem grundvöll ábyrgra fiskveiða og hagsældar til framtíðar. Brýnt er að efla stöðu íslenska upprunamerkisins „Iceland Responsible Fisheries“.

Mikilvægt er að sem víðtækust sátt náist um fiskveiðistjórnunarkerfið þannig að atvinnugreinin fái starfsfrið til langs tíma. Í því skyni eru gerðar eftirfarandi tillögur:

Gerðir verði afnotasamningar við núverandi fiskveiðiréttarhafa. Samningstími taki mið af öðrum afnotasamningum sem til dæmis verða gerðir við þá er nýta orkuauðlindir í eigu ríkisins. Tryggt verði að tímalengdin stuðli að langtímahugsun og arðbærri fjárfestingu í sjávarútvegi. Í samningunum verði að finna skýr endurnýjunarákvæði. Fyrir afnotaréttinn komi hóflegt gjald.

Horfið verði frá þeirri stefnu að ætla sjávarútveginum einum að bera kostnað af óljósri byggðarstefnu. Nauðsynlegt er að byggja upp fjölbætt atvinnulíf á landsbyggðinni samhliða öflugum sjávarútvegi. Það er sanngjarnt að nýta hluta þess heildarafraksturs sem þjóðfélagið fær af hagkvæmari sjávarútvegi til þess að stuðla að atvinnusköpun á landsbyggðinni. Sú leið er mun farsælli fyrir byggðirnar en að halda áfram á þeirri braut tilfærslna aflaheimilda sem núverandi stjórnvöld hafa boðað. Bent er á að mikill meirihluti aflaheimilda eru á landsbyggðinni og tilfærslur stjórnvalda á aflaheimildum á milli byggðalaga styrkja því ekki landsbyggðina í heild.

Iðnaðar- og orkumál

Iðnaður og mannvirkjagerð á Íslandi samanstandur af fjölbreyttri flóru atvinnugreina sem standa undir 20–25% af þjóðarframleiðslu landsins. Við stöðugleika, hóflega skattheimtu og hagkvæma nýtingu auðlinda landsins felast gríðarleg tækifæri til uppbyggingar. Stefna Sjálfstæðisflokksins er sú að hið opinbera skapi umgjörð í iðnaðar- og orkumálum þar sem fyrirtæki og fjárfestar geti horft til framtíðar við áætlanagerð, fjármagn leiti í arðbær verkefni og samkeppni ríki milli fyrirtækja.

Mikilvægt er að bæta og auka iðn- og verkmenntun með áherslu á að tengja enn frekar saman námsefni og starfsemi innlendra fyrirtækja.

Auður Íslendinga felst m.a. í fallvötnum og þeirri orku sem býr í iðrum jarðar en einnig og ekki síður í sérþekkingu á nýtingu orkunnar sem mikil eftirspurn er eftir erlendis. Íslensk orkufyrirtæki eru í dag meðal leiðandi fyrirtækja á sínu sviði og íslensk þekking á sviði endurnýjanlegra orkugjafa er útflutningsvara. Stjórnvöld skulu stuðla að því að íslenskt hugvit og sérþekking tengd orkuframleiðslu fái notið sín til fulls.

Mikilvægt er að nýta orkulindir landsins til innlendra verðmætasköpunar, þjóðfélaginu öllu til heilla.

Stuðlað verði að hámarksnýtingu innlendrar endurnýjanlegrar orku með samtengingu verksmiðja í umhverfisvænum efnavinnslugörðum þannig að aukaafurðir í framleiðslunni nýtist öðrum verksmiðjum í klasanum.

Gengið verði til tafarlausra aðgerða til þess að lækka húshitunarkostnað þar sem hann er mestur.

Örugg og öflug flutnings- og dreifikerfi raforku eru meðal mikilvægustu lífsgæða samfélaga. Áföll hérlendis og erlendis á síðasta ári sýna að staða Íslendinga í þessum málum er góð í samanburði við aðrar þjóðir, þó að enn sé mikið verk óunnið. Flutnings- og dreifikerfi virka í báðar áttir, þ.e. frá dreifbýli til þéttbýlis og öfugt. Því ber að deila byrðum uppbyggingar þessara kerfa jafnt á atvinnulífið og heimilin í landinu, óháð staðsetningu.

Opinber raforkufyrirtæki skulu hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem þeim er treyst fyrir með sjálfbæra nýtingu, hagkvæmni og verðmætasköpun að leiðarljósi. Við hönnun og uppbyggingu nýrra orkumannvirkja skal leitast við að fella þær sem best að umhverfi sínu. Tryggja þarf frekari uppbyggingu og styrkingu á raforkukerfinu þannig að hægt sé að afhenda nægjanlega orku til iðnaðar sem í dag brennir olíu.

Sjálfstæðisflokkurinn telur niðurstöður verkefnisstjórnar rammaáætlunar faglegar og til þess fallnar að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Endurskoða þarf rammaáætlun á næsta kjörtímabili. Sjálfstæðisflokkurinn styður nýtingu orkuauðlinda í neðri hluta Þjórsár.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að rafmagn á samkeppnishæfu verði með góðu afhendingaröryggi sé ein af meginforsendum hagvaxtar og atvinnusköpunar í ríkjandi efnahagslægd.

Fljótleg leið til hagvaxtar er uppbygging álvers í Helguvík sem mun skapa fjölda framtíðarstarfa.

Viðhalda skal öflugum og arðbærum fjarskiptatengingum við útlönd, m.a. til að stuðla að frekari uppbyggingu gagnavera og annarra fyrirtækja sem þurfa öflugar tengingar.

Sjálfstæðismenn telja tækifæri felast í gas- og olíuvinnslu innan íslenskrar lögsögu sem markvisst hefur verið undirbúin í tíð ríkisstjórna undir forsæti Sjálfstæðisflokksins. Hið opinbera skal stuðla að því að einkaaðilar rannsaki og ráðist í framkvæmdir og nýtingu á Drekasvæðinu. Þá skulu stjórnvöld beita sér fyrir því að setlög Skjálfandaflóa verði könnuð. Í ljósi þess að olía er ekki endurnýtanleg auðlind er eðlilegt að mögulegar skatttekjur ríkisins vegna olíuvinnslu renni í sérstakan sjóð til að koma í veg fyrir að útgjöld ríkisins þenjast út sem hinum tímabundnu tekjum nemur.

Strax þarf að hefjast handa við að tryggja að einkaframtakið geti notið sín við mögulega atvinnuuppbyggingu vegna aukinna umsvifa á norðurslóðum. Þessi uppbygging getur orðið í tengslum við hvort sem er rannsóknir, auðlindavinnslu eða norðursiglingar.

Ferðapjónusta

Tryggja þarf að ferðapjónusta stuðli að atvinnusköpun um allt land, árið um kring. Í því sambandi er nauðsynlegt að horfa til samkeppnislanda okkar þegar kemur að skattlagningu. Virðisaukaskattur á ferðapjónustu má ekki vera hærri hér en hann er í samkeppnislöndum okkar. Áhersla skal lögð á að þrengja ekki að ferðapjónustu með íþyngjandi regluverki og skattheimtu.

Eitt stærsta hagsmunamál ferðapjónustunnar er að fjölga ferðamönnum utan háannatíma. Brýnt er því að framhald verði á verkefninu „Ísland allt árið“ og að það miði að fjölgun ferðamanna bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Leggja þarf áherslu á að ná til efnameiri ferðamanna og þeirra sem eru líklegir til að eiga hér meiri viðskipti.

Skapandi greinar leika stórt hlutverk í ferðapjónustu enda koma ferðamenn hingað til lands ekki bara til að njóta íslenskrar náttúru heldur einnig til að njóta menningar og lista og fjárfesta í íslenskri hönnun.

Stórauka þarf áherslu á menntun og öryggi í ferðapjónustu. Tryggja þarf rannsóknir á ferðapjónustu svo þær séu í samræmi við rannsóknir á öðrum grunnatvinnugreinum hér á landi. Taka skal upp eðlilega gjaldtöku á fjölförnum ferðamannastöðum sem nýta skal í uppbyggingu og viðhald á viðkomandi stöðum.

Sjálfstæðisflokkurinn sér í ferðapjónustu vaxtarbrodd til atvinnusköpunar um land allt. Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að veita ferðapjónustunni þann stuðning og bakland sem hún þarf til að eflast og dafna og verða einn af máttarstólpum atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar fyrir land og þjóð.

Landbúnaður

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að á Íslandi sé fjölbreyttur landbúnaður á grundvelli einkaframtaks og frelsis til athafna. Í landbúnaði eru mikil tækifæri til öflugrar verðmætasköpunar sem þarf að nýta. Landsfundurinn telur að framtíð landbúnaðar á Íslandi sé björt í ljósi sívaxandi eftirspurnar eftir matvælum og vatni í heiminum. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins vill leggja grunn að sókn landbúnaðar og bendir á sérstöðu Íslands sem matvælaframleiðslulands. Það styður við vaxandi ferðapjónustu í landinu.

Íslenskur landbúnaður er öryggismál fyrir þjóðina.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á öfluga menntun og hagnýtar rannsóknir og vill þannig stuðla að auknum framförum í landbúnaði. Flokkurinn leggur sem fyrr áherslu á að landbúnaðurinn sé rekinn í sátt við náttúruna.

Sjálfstæðismenn vilja heilbrigða samkeppni með landbúnaðarafurðir, bændum og neytendum til hagsbóta. Sjálfstæðisflokkurinn lýsir miklum áhyggjum af vaxandi eftirlitsiðnaði í landbúnaði og matvælaframleiðslu með tilheyrandi skrifræði og kostnaði.

Hvetja skal bændur til fjölbreyttrar matvælaframleiðslu og sterkra tengsla við innlenda og erlenda neytendur á grunni hollustu, hreinleika og gæða.

Skapandi greinar

Skapandi greinar eru ört vaxandi hluti atvinnulífsins. Hvatt er til samvinnu skapandi greina við aðrar atvinnugreinar einkum í ferðaþjónustu sem felur í sér mörg tækifæri.

Tryggja þarf arðsemi þeirra fjármuna sem opinberir aðilar leggja fram til stuðnings í skapandi greinum. Allar opinberar aðgerðir sem farið er í til stuðnings einstökum atvinnugreinum skulu ávallt hafa skýr og mælanleg markmið um árangur.

Verslun og þjónusta

Verslun og þjónusta þarf eins og aðrar atvinnugreinar að búa við samkeppnishæft umhverfi. Ótækt er að tollar og vörugjöld geri það að verkum að Íslendingar kjósi að versla fremur erlendis en hér á landi eins og hagtölur gefa vísbendingu um í dag. Íslensk verslun þarf að hafa svigrúm til að bjóða vörur á hagstæðu verði en það er besta leiðin til að auka kaupmátt almennings.

Skrifræði og flækjustig í samskiptum Íslands og Evrópusambandsins veldur því að íslenskir neytendur greiða tvöfaldan toll þegar verslað er með vörur frá þriðja ríki sem tollafgreiddar eru til Íslands með viðkomu í Evrópusambandinu. Þetta á við um stóran hluta þess fatnaðar sem til sölu er hér á landi. Stjórnvöld eiga að beita sér fyrir leiðréttingu þessara mála .

Tolla og vörugjöld á ekki að nýta sem neyslustýringu eins og gert er með svokölluðum sykurskatti. Lýðheilsu- og vaxtarmarkmiðum ber að vinna að með öðrum hætti.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að heimilt verði að selja léttvín og bjór í matvöruverslunum á Íslandi líkt og í flestum vestrænum lýðræðisríkjum. Rétt er að hafa í huga að það er ekki hlutverk hins opinbera að reka áfengisverslanir frekar en aðrar verslanir.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að áfengisauka verði lækkaður þannig að 18 ára einstaklingum, sem skv. lögum eru bæði lögráða og fjárráða, verði heimilt að versla áfengi eins og allar aðrar löglegar neysluvörur. Rétt er að hafa í huga að 18 ára einstaklingar geta gengið í hjónaband, stofnað til skulda og átt viðskipti með allar aðrar vörur en áfengi og því löngu tímabært að leiðrétta þann mismun.

Starfsemi ÁTVR verði hætt og eignir fyrirtækisins seldar.